

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. ágúst 2019  
UST201907-152/B.S.  
10.05.04

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Strenglagning um Austdal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að leggja 6,4 km langan rafstreng og ljósleiðara frá minni Austdals inn að botni dalsins, á móts við Snjófellsskarð. Gert er ráð fyrir að fylgja vegslóð nánast alla leiðina þannig að strengurinn verður plægður við og í raskað svæði, nema á stuttum kafla ofarlega í dalnum þar sem fleyga þarf rás fyrir strengina.


Austdalur er á náttúruuminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: „Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.“ Ekki er farið um votlendi eða grónustu svæði dalsins. Næst er farið um 6 m frá Austurá á stuttum köflum. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar liggur fyrir og þar segir m.a. að stofnunin telji að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á lífríki vatnsfalla í Austdal.


Fram kemur í greinargerð að strengleið hafi verið færð til vegna fornleifa og óska landeigenda frá því sem fyrst var áformað.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi Austdals þar sem farið er um þegar raskað svæði og sneitt hjá votlendi í botni dalsins. Venjulegast verða sjónræn áhrif sambærilegra framkvæmda lítil ef vel er að verki staðið. Mikilvægt er að vanda til verka og að samráð verði haft við landeigendur um frágang í verklok og að ári liðnu.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri